

Háskólaráð Landbúnaðarháskóla Íslands, fundur nr. 4 2025

Staður: Hvanneyri og Teams

Tími: Þriðjudagur 11. mars 2025 kl. 13:15

Viðstödd: Ragnheiður I. Þórarinsdóttir (stýrir fundi), Haukur Þórðarson, Jóhanna Gísladóttir, Þórunna Jónsdóttir, Ingiberg Daði Kjartansson og Birgir Þór Haraldsson. Kristín Theodóra Ragnarsdóttir rekstrarstjóri var gestur fundarins undir lið 1.

Forföll: Guðmundur Fertram Sigurjónsson.

Fundur settur 13:15.

1 Fjármál

Kristín Theodóra Ragnarsdóttir rekstrarstjóri lagði fram drög að ársreikningi á fundinum og kynnti stöðu fjármála.

2 Stofnun ársins

Niðurstöður könnunar Stofnun ársins voru ræddar á fundinum, en Landbúnaðarháskóli Íslands mælist neðar en í fyrra, og er í næst-neðsta sæti á meðal menntastofnana (framhalds- og háskóla) á Íslandi. Háskólaráð áttar sig á alvarleika stöðunnar og samþykkt var að fá utanaðkomandi ráðgjafarfyritækni í því að taka út starfsemi skólans með tillit til niðurstaðnanna. Allir voru á eitt sammála um að lögð yrði áhersla á að vel yrði staðið af því ferli og að aðgengi allra sem vilja koma sjónarmiðum á framfæri tryggt. Ferlið færi af stað við allra fyrsta tækifæri í ljósi alvarleika niðurstaðna könnunarinnar. Lykilatriði sé að fá skilning á vandanum til að hægt sé að takast á við hann. Ákveðið var að á starfsmannafundi næstkomandi mánudag yrðu kynnt næstu skref til að takast á við stöðuna.

3 Traustmæling Gallup

Traustmæling Gallup kynnt og rædd. Traustmælingin fyrir Landbúnaðarháskóla Íslands er á svipuðum slóðum og fyrri ár. Ljóst er að áframhaldandi vinna er framundan við að auka þekkingu almennings á starfsemi skólans miðað við niðurstöður mælingarinnar.

4 Hugverkastefna

Rektor bar undir Háskólaráð þörf þess að skólinn setti sér hugverkastefnu. Kynnt voru drög að slíkri stefnu sem unnin var af lögfræðingum Auðnu tæknitorgs. Samþykkt var að halda áfram með þá vinnu að móta hugverkastefnu fyrir skólann.

5 Doktorsnámssjóður

Rektor upplýsir um að auglýsing sé komin á heimasíðu LbhÍ um tvær stöður fyrir doktorsnema við skólann. Rektor kynnir valnefndina fyrir Háskólaráði.

6 LIFE umsókn samþykkt

Jóhanna kynnir LIFE verkefnið. Umsókn um verkefnið var skilað inn í fyrra til Umhverfis- og loftlagsáætlun Evrópusambandsins, LIFE, og snýr að endurheimt votlendis á Íslandi. Sjö aðilar stóðu sameiginlega að umsókninni; Landbúnaðarháskóli Íslands sem leiðir verkefnið, Land og skógur, Náttúrufræðistofnun Íslands, Umhverfisstofnun (nú Náttúruverndarstofnun), Hafrannsóknastofnun, Fuglavernd og Royal Society for the Protection of Birds (RSPB) í Bretlandi.

Í vikunni fengust þær gleðifréttir frá Brussel að umsóknin hefði komist á næsta þrep, svokallað 'grant preparation phase' og framundan er samningsgerð með ESB um fjármögnun verkefnisins, sem í heildina hljóðar upp á rúmar 8 milljónir evra, eða yfir milljarð íslenskra króna.

7 Samstarf við hagaðila

Ákveðið að bíða með lið þar til á næsta fundi.

8 Til upplýsingar

Rætt var stuttlega um Háskólafundinn sem haldin verður í Reykjavík þann 13. Maí 2025 en ráðherra háskólamála hefur þegið boð okkar um að ávarpa ársfundinn.

9 Gögn í TEAMS möppu.

Ákveðið að bíða með lið þar til á næsta fundi.

JG